



Skipulags- og samgönguráð

Reykjavík 28. maí 2020

Efni: Mál nr. US200031 – fyrirspurn um leigubílastarfsemi.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 5. janúar 2020 lagði áheyrnarfulltrúi miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn sem vísað var til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðstjóra:

1. Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 25. september s.l. var samþykkt að öllum aðilum í leigubílastarfsemi yrði heimilt að leggja á bílastæðum í borgarlandinu sem merkt eru fyrir leigubíla en hafa hingað til haft ákveðnar leigubílastöðvar haft þau til afnota. Hvers vegna er þess krafist að sérmerkingar á umræddum stæðum verði fjarlægðar fyrir 17. febrúar n.k. þegar í gildi er leyfi til 24. júní 2020?

Svar: Málavextir eru þeir að á fundi skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar þann 25. september 2019 var samþykkt tillaga samgöngustjóra Reykjavíkurborgar um breytt fyrirkomulag leigubifreiðastæða í Reykjavíkurborg, en Hreyfill og BSR hafa haft sérmerkt leigubifreiðastæði í borgarlandi Reykjavíkur til afnota og jafnframt fengið útgefin starfsleyfi á umræddum stæðum. Áður hafði stöðvunum verið tilkynnt að Reykjavíkurborg væri að hefja undirbúning á endurskoðun leigubifreiðastæða í borgarlandi.

Samkvæmt samþykkt skipulags- og samgönguráðs yrði nú öllum aðilum í leigubílastarfsemi heimilt að leggja á viðkomandi stæðum í borgarlandinu. Starfsleyfi stöðvanna yrði afturkallað og það framvegis gefið út til Reykjavíkurborgar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 og myndi Reykjavíkurborg því framvegis bera ábyrgð á stæðunum s.s. viðhaldi og hreinsun þeirra. Reykjavíkurborg myndi jafnframt merkja flest stæðin að nýju skv. reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, skilti D09.11 (biðstöð leigubifreiða). Þó Hreyfill sé með starfsleyfi til ársins 2020 þá byggir afnotaréttur ekki á því, heldur byggir hann á kaupsamningi frá 10. október 1969. Það er því ekkert sem kemur í veg fyrir að borgaryfirvöld ákveði að veita hæfilegann frest til að fjarlægja skiltin, í samræmi við ákvörðun skipulags- og samgönguráðs, þrátt fyrir að starfsleyfi séu enn í gildi. Upphaflega var stöðvunum veittur frestur til 15. nóvember 2019, en hann svo framlengdur til 17. febrúar 2020. Ákvörðun borgaryfirvalda var færð til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og er hún enn til meðferðar í ráðuneytinu. Í ljósi þess hefur ekki verið aðhafst frekar í málinu að svo stöddu.

2. Hvers vegna er aðilum ekki veittur eðlilegur andmælaréttur sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993?

Svar: Í ljósi þess að skipulags- og samgönguráðs var búið að taka ákvörðun í málinu voru ekki skilyrði fyrir hendi til að veita andmælarétt, en skv. almennu reglum stjórnsýsluréttar skal veita andmælarétt áður en ákvörðun er tekin. Stöðvarnar komu engu síður að andmælum í málinu og Reykjavíkurborg veitti ennfremur 4 vikna viðbótarfrest til að koma að frekari sjónarmiðum í málinu. Andmælum stöðvanna var svarað og voru jafnframt veittir nýjir tímafrestir til að verða við tilmælum Reykjavíkurborgar í málinu.

3. Hvers vegna stendur Reykjavíkurborg í bréfaskriftum við aðila og krefur þá um gögn sem sýna fram á rétt aðila eða heimildir þeirra til atvinnureksturs í stað þess að afla þessara gagna í sínu gagnasafni?

Svar: Með bréfi borgarlögmans dags. 17. september 2018 var Hreyfli svf. tilkynnt að Reykjavíkurborg væri að hefja undirbúning á endurskoðun leigubifreiðastæða í borgarlandi og var jafnframt óskað eftir því að Hreyfill afhenti þá samninga eða eftir atvikum önnur gögn sem sýndu fram á rétt þeirra til sérmerktra stæða eða heimildir til þess að hafa uppi auglýsingaskilti á borgarlandi. Í kjölfarið vísaði Hreyfill fram framangreindum kaupsamningi frá 1969. Hreyfill var ekki krafinn um gögn heldur sett fram ósk um að fyrirtækið sýndi fram á hvaða rétt það hefði til stæðanna. Er ekkert sem segir að skrifstofa borgarlögmans hafi ekki haft umræddann samning undir höndum þegar bréfið var sent Hreyfli, en undirrituðum er þó ekki kunnugt um það.

4. Er ekki verið að snúa sönnunarbyrði við í þessu máli?

Svar: Nei. Það er mat Reykjavíkurborgar að stöðvarnar eigi engin eignaréttindi á umræddum stæðum. Þessi stæði eru á borgarlandi og hafa alltaf verið. Sönnunarbyrðin fyrir því að stöðvarnar eigi eitthvað eignaréttarlegt tilkall til viðkomandi stæða hvílir á þeim.

5. Boðuð er ný gjaldtaka ef og þegar borgin yfirtaki umrædd stæði og skal hún taka mið af skráðri losun gróðurhúsalofttegunda viðkomandi leigubíls. Hvar má finna í lögum heimild fyrir þessari gjalddöku?

Reykjavíkurborg hefur heimild til gjalddöku af stöðureitum (bílastæðum) skv. 86 gr. umferðarlaga.

6. Viðurkennir Reykjavíkurborg að leigubílar eru hluti af almenningssamgöngum?

Þar sem leigubílar eru opnir öllum vegfarendum, gegn greiðslu, þá lítur Reykjavíkurborg svo á að leigubílar séu hluti af almenningssamgöngum í borginni. Strætó bs. nýtir leigubíla í ákveðna hluta starfsemi sinnar.

7. Býður Reykjavíkurborg leigubílaakstur til eigin nota út?

Samkvæmt upplýsingum frá Fjármála- og áhættustýringarsviðs þá hefur Reykjavíkurborg hefur ekki boðið út leigubifreiðaakstur en slíkt útboð er á undirbúningsstigi.


8. Skiptir Reykjavíkurborg við allar leigubílastöðvar sem starfræktar eru í borginni?

Samkvæmt upplýsingum frá Fjármála- og áhættustýringarsviðs þá er heimilt er að skipta við allar leigubifreiðastöðvar þar til útboð hefur farið fram. Í gild er afsláttarsamningur við Hreyfil, en aðrar stöðvar hafa ekki sóst eftir að gera sams konar samning.

9. Er Reykjavíkurborg í reikningsviðskiptum við leigubílastöðvar?

Samkvæmt upplýsingum frá Fjármála- og áhættustýringarsviðs þá er Reykjavíkurborg í reikningsviðskiptum við leigubílastöðvar.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,



Harri Ormarsson